

# SAMNINGUR OPINBERRA HÁSKÓLA

## *um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum*

**Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum gera með sér svohljóðandi samning:**

Háskólarnir eru sammála um að opna fyrir aukinn aðgang nemenda að námskeiðum á milli skóla og að hvetja nemendur til að gerast gestanemendur við aðra opinbera háskóla.

Markmið samningsins er að bæta nýtingu skólanna á námskeiðum og auðvelda þannig hagræðingu í hverjum skóla. Annað markmið er að auka val nemenda um námskeið og vikka sjóndeildarhring nemenda við alla skólana.

Skilgreiningar hugtaka:

- Gestanemandi: Nemandi sem er skráður við háskóla A en tekur einstök námskeið við háskóla B er „gestanemandi“ við háskóla B.
- Heimaskóli: Háskólinn (A) þar sem nemandinn er skráður, þar sem hann greiðir skrásetningargjald og þar sem hann hyggst brautskrást.
- Móttökuskóli: Háskólinn (B) þar sem nemandinn tekur einstök námskeið, gagnvart kröfum til prófgráðu við háskóla A.
- Gestanám: Nám stundað utan heimaskóla.

Til að framfylgja samningnum munu skólarnir vinna samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

1. Frá og með 1. janúar 2012 munu háskólarnir fjórir afnema takmarkanir á fjölda námskeiða eða eininga sem nemendur frá öðrum opinberum háskólum geta tekið við viðkomandi móttökuskóla, enda sé gætt að þeim ferlum og skilyrðum sem lýst er í þessum samningi. Einnig verður hætt innheimtu skrásetningargjalda gestanemenda frá öðrum opinberum háskólum, hvort sem þeir koma samkvæmt sérstökum samningi eða ekki. Óbreytt verður, að háskóladeildir og háskólur geta sett skilyrði um lágmarksfjölda eininga sem lokið skal við heimaskólann.
2. Frá og með 1. janúar 2012 munu skólarnir kynna sérstaklega nemendum sínum möguleika gestanáms. Þessi kynning skal m.a. vera í kennsluskrám og með almennum upplýsingum á kynningarvefjum skólanna. Skólarnir munu taka skýrt fram að ekki sé hægt að ábyrgjast framboð gestanáms í fjarnámi, og að nemandinn þurfi að uppfylla þær kröfur um viðveru sem gerðar eru í hverju námskeiði.
3. Gestanemendur þurfa að uppfylla almenn skilyrði um inntöku í alla skólana, sérskilyrði viðkomandi deildar (ef við á) og skilyrði um undanfara einstakra námskeiða. Ef skólarnir þurfa að beita aðgangstakmörkunum í einstakar námsleiðir eða námskeið geta gestanemendur einnig þurft að uppfylla viðbótarkröfur. Almennt er miðað við að bakkalárnemandi hafi lokið einu ári við heimaskólann áður en hann gerist gestanemandi.

*Handwritten signatures and initials:*  
SOS.  
SOS.  
A 1AB

4. Skólarnir skuldbinda sig til að tryggja að námsnefndir, eða aðrir til þess bærir aðilar á hverjum stað, kynni sér reglulega námsframboð hinna skólanna á tilteknum sviðum og upplýsi nemendur um námskeið sem þeir mæla sérstaklega með. Meðmæli með námskeiðum geta annars vegar byggst á því að námskeiðin séu sambærileg við einstök skyldunámskeið við heimaskólann og hins vegar á því að þau séu æskileg sem valnámskeið.
5. Heimaskóli getur, að höfðu samráði við móttökuskólann nýtt þennan samning til að fella niður fámenn val- eða skyldunámskeið sem kennd eru og vísað nemendum þess í stað á sambærileg námskeið við móttökuskólann.
6. Ferlið fyrir flæði gestanemenda milli skóla er sem hér segir:
  - a. Nemandi sem óskar að verða gestanemandi við annan háskóla í samstarfinu skal leggja fram formlega beiðni um það hjá viðeigandi aðila (deild eða kennslusviði) við sinn heimaskóla innan tiltekinna tímamarka, sbr. 7. gr.
  - b. Heimaskóli nemandans ber ábyrgð á því að samþykkja fyrir fram einstök námskeið við hina skólana fyrir sína nemendur og ganga úr skugga um að þau skarist ekki um of við áður tekin námskeið á fræðasviðinu.
  - c. Heimaskóli sendir beiðni á móttökuskólann um skráningu í tiltekin námskeið og greinir frá því hvernig þau munu nýttast í námi nemandans. Heimaskóli staðfestir jafnframt að nemandinn sé skráður við heimaskólann í áframhaldandi nám og hafi greitt þar skrásetningargjald. Heimaskólinn skal veita móttökuskólanum aðgang að námsferli nemandans, bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi (stúdentapróf).
  - d. Gestanemendur þurfa ekki að greiða skrásetningargjald við móttökuháskólann, enda greiði þeir áfram árlegt skrásetningargjald við sinn heimaskóla.
  - e. Allir skólarnir auðkenna gestanemendur sérstaklega („flagga“), svo að unnt sé að fylgjast með fjölda þeirra. Einnig auðkenna þeir sérstaklega nemendur sem heimilað er að taka námskeið við móttökuskóla.
  - f. Heimaskóli ber ábyrgð á námsferli nemandans og miðlun upplýsinga um hann til LÍN.
7. Skólarnir munu á næstu sex mánuðum setja upp skýrt ferli fyrir skráningu gestanemenda, tímamörk beiðna og meðhöndlun þeirra. Ferlið verði kynnt á heimasíðum allra skólanna og öllum starfsmönnum við nemendaskrár og á skrifstofum fræðasviða og deilda.
8. Hver háskóli fær greitt fyrir þær „þreyttu einingar“ sem þar eru teknar í samræmi við reglur um fjárveitingar til háskóla og samninga hans við ráðuneytið.
  - a. Í nóvember á hverju ári skulu skólarnir taka saman yfirlit um fjölda, dreifingu og þreyttar einingar gestanemenda. Sameiginleg skýrsla með þessu yfirliti skal send ráðuneyti mennta- og menningarmála fyrir 1. desember.
  - b. Á árinu 2012 verður heimilt að nýta hluta af 150 m. kr. fjárveitingu til samstarfs opinberu háskólanna til að koma til móts við kostnað háskóla vegna nemendafjölda sem er tilkominn vegna þessa samnings og er umfram ársnemendafjöldi sem lagður er til grundvallar framlagi til skólans í fjárlögum.
  - c. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun við endurskoðun reglna um framlög til háskóla líta til þess að reglurnar stuðli að samstarfi háskólanna almennt og sérstaklega að markmiði samnings þessa.

Ábyrgð á útfærslu og eftirfylgni vegna samnings þessa er falin stýrihópi um nemenda- og kennslumál sem starfar á vegum samstarfs opinberu háskólanna.

Samningur þessi er ótímabundinn en hver skóli getur sagt honum upp með 18 mánaða fyrirvara.

HY


SAB  
SAL

AI  
TAB

Reykjavík, 5. desember 2011




rektor Háskóla Íslands




rektor Háskólans á Akureyri



rektor Landbúnaðarháskóla Íslands



rektor Hólaskóla – Háskólans á Hólum



mennta- og menningarmálaráðherra